

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 1. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum, nr. 29/1885.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ**um álagningu gatnagerðargjalds í Búðahreppi.****1. gr.**

Húseigendur í Búðahreppi skulu greiða til sveitarsjóðs Búðahrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi.

Gjöldin skal miða við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. m³ eins og hann er 1. nóvember ár hvert í vísitöluhúsinu samkv. útreikningum Hagstofu Íslands.

Gjöldin eru sem hér segir: (lágmarksstærðir)

1. Einbýlishús með bifreiðageymslu að 600 m ³	1.0%
2. Parhús, tvíbýlishús og raðhús á einni hæð að 500 m ³	0.9%
3. Fjölbýlishús á tveim hæðum eða fleiri með fleiri en 4 íbúðum að 400 m ³	0.4%
4. Tveggja hæða hús með allt að 4 íbúðum og raðhús á tveimur hæðum að 500 m ³	0.8%
5. Verslunar- og skrifstofuhús pr. m ³	1.2%
6. Iðnaðarhús og vörugeymslur pr. m ³	0.8%
7. Fyrir umframstærðir í íbúðarhúsum skal greiða 20% meira en að framan getur fyrir hvern m ³ .	

Ef byggt er við eldra hús skal aðeins greiða af stækkun umfram lágmarksstærð.

8. Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 35.00 af hverjum m² lóðar.
9. Bifreiðastæði greiði húseigendur sjálfir.
10. Heimkeyrslur að húsum við millilóðir skal hreppurinn greiða.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkv. 1. gr. skal miðast við þá byggingarvisitölu, sem í gildi er 1. nóvember það ár sem lagning bundins slitlags fer fram. Gatnagerðargjald við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið lagt á við gildistöku þessarar reglugerðar skal miðast við byggingarvisitölu 1. nóvember 1974.

Til útreiknings skal nota magntölur fasteignamatsins (m³ húsnæðis og m² lóðar).

3. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 1. gr. skal greitt á 5 árum með jöfnum afborgunum. Gjald dagar eru 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn ári eftir að lagning bundins slitlags fer fram. Lokagreiðsla skal þó eigi innheimt fyrr en lagningu gangstétta er lokið við viðkomandi götu.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, næstu tvö ár eftir gjalddaga og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Búðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur í Búlandshreppi.

Húseigendur í Búlandshreppi skulu greiða til sveitarsjóðs Búlandshrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og göturnar eru lagðar bundnu slitlagi. Til útreiknings skal nota eftirfarandi einingartölur:

A. 1.	Einbýlishús m/bifreiðageymslu að 400 m ³	kr. 125 000.00
2.	Parhús að 400 m ³	— 100 000.00
3.	Tvíbýlishús á 2 hæðum, tveggja hæða íbúðarhús m/allt að 4 íbúðum og raðhús á 1 hæð að 400 m ³	— 80 000.00
4.	Raðhús á 2 hæðum að 400 m ³	— 60 000.00
5.	Fjölbýlishús á 2 hæðum m/allt að 8 íbúðum að 300 m ³	— 50 000.00
6.	Fjölbýlishús á 3 hæðum eða fleiri, m/fleiri en 8 íbúðum að 300 m ³	— 35 000.00
7.	Verslunar- og skrifstofuhús per m ³	— 200.00
8.	Iðnaðarhús og vörugeymslur per m ³	— 150.00
9.	Umframstærðir í íbúðarhúsum per m ³	— 200.00